

Alþingi
Erindi nr. P 133/95
komudagur 6.11.2006

Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH)

Ás	Kumbaravogur
Dalbær	Lundur
Droplaugarstaðir	HNLFI
Eir	SÁÁ
Fellsendi	Seljahlið
Garðvangur	Sjálfsbjargarheimilið
Grund	Skjól
Hlévangur	Skógarbær
Holtsbúð	Sóltún
Hrafnista, Reykjavík	Sunnuhlið
Hrafnista, Hafnarfirði	Víðines
Hulduhlið	Vífilstaðir
Höfði	Öldrunarstofnun Akureyrarbæjar

Reykjavík 6.nóvember 2006

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Áhersluatriði frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu

- Bæta þarf rekstrarhalla** þessa árs sem er u.þ.b. 800 milljónir króna. Einnig þarf að bæta rekstrarhalla fyrri ára sem nemur nokkur hundruð milljónum króna. Tölur liggja fyrir hjá HTR.
- Samskipti.** Laga þarf enn frekar (hafa batnað mikið) samskipti heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og samtakanna og heilbrigðisráðuneytis hins vegar. **Dæmi:** Fasteignaskattar voru lagðir á í byrjun árs. Auðvelt að reikna þá út og greiða til fyrirtækjanna. Ekkert hefur gerst í þessu enþá en fyrirtækin eru búin að greiða þetta fyrir all löngu síðan.
- Lífeyrisskuldbindingar.** Gera þarf upp árlega lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna í lífeyrissjóði LSR og hjúkrunarfræðinga vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Þessar skuldbindingar eru mismunandi milli stofnana og því ekki hægt að setja þessar greiðslur inn í daggjöldin.
- Verðlagsþróun.** Ekki hefur verið tekið tillit til verðlagsþróunar á árinu 2006 við greiðslu daggjalda en verðlag hefur hækkað um 7% frá áramótum. Í forsendum daggjalda 2006 var gert ráð fyrir 3,5% hækkun.
- Húsaleiga.** Stjórn SFH telur rétt að greidd verði sanngjörn húsaleiga að frádregnum opinberum framlögum.